

Mál nr. 83/2018**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur bifreiða við bifreiðastæði á Sogavegi 6.2.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 5.3.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 21.3.2018.

Tölvupóstur V2, dags. 22.3.2018 ásamt myndum af tjónstiltilkynningu ökumanna.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning ökumanna vegna áreksturs sem varð skv. henni á Sogavegi 6. febrúar 2017 kl. 10.45. Báðir ökumenn undirrituðu framhlið tjónstilkynningarinnar og þar er hakað í reit nr. 14 hjá báðum varðandi tjónsatvik, þ.e. að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak. Til viðbótar eru yfirlýsingar frá hvorum ökumanni um sig í öðrum tölusettum reitum nr. 14 á framhlið tjónstilkynningarinnar, en þeir eru merktir sem „aðrar upplýsingar“. Þar kemur fram hjá ökumanni A: „Er að bakka í stæði stoppar og flautar.“ Hjá ökumanni B segir síðan: „Er að bakka úr stæði hann stopp að bakka í stæði.“ Þessu til viðbótar kemur fram að tjón hafi orðið aftarlega á vinstri hlið bifreiðar A og aftan á bifreið B.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann sem ökumaður bifreiðar A hafi verið kyrrstæður þegar árekstur varð. Bifreið B hafi verið ekið í hlið bifreiðar A og ökumaður bifreiðar A hafi gert allt sem hægt var að gera til að koma í veg fyrir tjón, gefið hljóðmerki, sbr. fyrirmæli í 31. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 auk þess sem ökumaður bifreiðar B hafi átt að veita umferð frá hægri forgang, sbr. fyrirmæli í 25. gr. sömu laga. M telur að framburður ökumanns B sýni að ökumaður A hafi verið kyrrstæður þegar árekstur varð.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að skipta eigi sök til helminga milli ökumanna bifreiða A og B þar sem hvorugur hafi gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak.

Álit.

Í málinu liggur fyrir undirrituð sameiginleg tjónstilkynning ökumanna þar sem þeir báðir bera um að þeir hafi ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga kemur fram að ökumaður skuli, „áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra.“ Bæði ökumanni bifreiðar A og B bar því að gæta sérstaklega að annarri umferð í aðdraganda áreksturs. Þó litið sé til þess sem kemur fram í texta á framhlið tjónstilkynningar, um að ökumaður bifreiðar B gefi til kynna að bifreið A hafi verið stöðvuð áður en árekstur varð, er ekki hægt að leggja til grundvallar að ökumaður A hafi stöðvað bifreið sína það löngu áður að máli skipti við sakarskiptingu. Hvorugur ökumann telst hafa gætt nægilega að annarri umferð og vegna ofangreindra gagna ekki tilefni til að leggja meiri sök á annan ökumann en hinn.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli bifreiða A og B.

Reykjavík, 10. apríl 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon lögmaður